

**Sp.**

**185. Nefndarálit**

**[1. mál]**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1962.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frv. Allar tillögur um breytingar á gjaldabálki frv. eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega, en fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins lýstu sig andviga breytingartillögum við tekjuáætlun frv., og varðandi einstaka liði í hinum sameiginlegu tillögum nefndarinnar áskildu þessir nefndarmenn sér rétt til flytja eða styðja breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Nefndin hóf athugun á frv. 19. okt. og hefur síðan haldið 37 fundi um málið auk margvíslegra athugana utan funda.

Tekin hafa verið til meðferðar hátt á fimmta hundrað erindi frá ráðuneytum, ríkisstofnunum, félögum, félagasamböndum og einstaklingum. Þá ræddi nefndin við

forstöðumenn helztu stofnana ríkisins og allmarga aðra, er óskuðu eftir viðtali við hana. Kapp hefur verið lagt á að hraða störfum nefndarinnar, svo að unnt verði að afgreiða fjárlög endanlega fyrir áramót.

Í samræmi við þá yfirlýsingu hæstvirtrar ríkisstjórnar, að ekki væri fyrirhugað að leggja á nýja skatta, hefur meiri hluti nefndarinnar miðað afgreiðslu frv. við það að hækka gjaldaliði frv. eigi meira en svo, að það samsvari sem næst þeirri hækkun, sem talið er fært að gera á tekjuáætlun frv. samkvæmt því, sem vitað er nú um árið í ár.

Takmörkuð fjárráð valda því, að mörgum nauðsynja- og umbótamálum er ekki unnt að sinna, t. d. ekki fært að auka framlög til ýmissa framkvæmda, sem beðið er með óþolinmæði eftir að gerðar verði.

Fjárlagafrv. ber með sér, að þeirri stefnu hefur verið fylgt að gæta ýtrasta sparnaðar í rekstri ríkisins og ríkisstofnana. Nefndin hefur einnig miðað tillögur sínar við það sjónarmið. Fjármálaráðherra skýrði frá því í framsöguræðu sinni með fjárlagafrumvarpinu, að enn sé unnið að athugunum á því, hvað unnt sé að gera til aukinnar hagsýni og sparnaðar í rekstri ríkisins og stofnana þess. Meiri hluti nefndarinnar fagnar því og er þess fullviss, að einmitt með vandlegum undirbúningi og athugunum muni árangur í þeim efnum verða bestur.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir helztu breytingartillögum nefndarinnar við fjárlagafrumvarpið.

#### Um 11. gr. A.

Liðurinn 8. c. hækki um 100 þús. kr. vegna aukins kostnaðar. Liðurinn 10. b. 1 lækki um 300 þús. kr. vegna fyrirhugaðrar fækkunar um 3 lögregluþjóna. Liðirnir 14 og 18 hækki um samtals 70 þús. kr., og er það leiðrétting vegna aukins kostnaðar. 24. liður hækki um 50 þús. kr. vegna launahækkunar, eftir að áætlun var samin.

#### Um 12. gr.

IV. liður hækki um 80 þús. kr. vegna kaupa á röntgentæki. V. liður hækki um 100 þús. kr. vegna nauðsynjar á að auka starfslið stofnunarinnar. VI. liður hækki um 150 þús. kr., leiðrétting vegna fjölgunar legudaga. IX. liður hækki um 1725 þús. kr. vegna mjög brýnnar þarfar að dómi landlæknis. Loks er nýr liður, vegna framhaldsnámskeiðs fyrir lækna á vegum Læknafélags Íslands, 20 þús. kr.

#### Um 13. gr. A.

I. liður hækki um 70117 kr., er það leiðrétting vegna hækkunar launa, eftir að áætlun var gerð. Nýr liður er 1.2 millj. kr. til samgöngubóta á landi. V. liður, fjallvegir, hækki um 165 þús. kr. Nýir liðir eru ferjubryggjur, 80 þús. kr., og 200 þús. kr. til að gera tilraunir samkv. þingsályktun um rykbindingu á þjóðvegum, er samþykkt hefur verið á Alþingi. XII. liður hækki um 25 þús. kr. XIII. liður, til fyrrverandi vegaverkstjóra og vegaverkstjóraekkna, hækki um 193 þús. kr. Verulegur hluti hækkunarinnar hefði annars samkvæmt venju komið á 18. gr.

#### Um 13. gr. B.

VII. liður hækki um 300 þús. kr. VIII. liður, til hafnarbótasjóðs, hækki um 4 millj. kr. vegna skemmda, er nýlega urðu í ofviðri, og eldri skemmda.

#### Um 13. gr. E.

Liðurinn 1. E hækki um 20 þús. kr. til leiðréttingar, en liðurinn F um 30 þús., og er það einnig leiðrétting.

#### Um 13. gr. F.

Liðurinn til landmælinga hækki um 200 þús. kr. vegna kortagerðar. Nýr liður er 50 þús. kr. til flugbjörgunarsveitarinnar á Akureyri til áhaldakaupa. Nýr liður, til lagfæringar á jarðraski í Hveragerði, 100 þús. kr.

Um 14. gr. A.

Vegna kostnaðar við skólastjórn menntaskólanna í Reykjavík, á Akureyri og Laugarvatni hækki fjárveiting til hvers skóla um 10 þús. kr. Liðurinn X. 23 hækki um 5000883 kr. Við XI. 1 bætist nýr liður, 1 millj. kr. til byggingar skólans, en jafnframt er fellt niður framlag til skólans í frv. á 20. gr., 450 þús. kr., svo að hækkinin nemur 550 þús. kr. Liðurinn XI. 30 hækki um 306071 kr. Liðurinn XV. 2, til íþróttasjóðs, hækki um 250 þús. kr. 6. liður hækki um 10 þús. kr. og 9. liður um 30 þús. kr. Nýir liðir eru: Íþróttaskólinn, Reykjadal 50 þús. kr., og Íþróttasamband Íslands, byggingarstyrkur, 150 þús. kr., fyrsta greiðsla af þremur.

Um 14. gr. B.

III. liður, þjóðminjasafnið, 2. og 8. liður hækki um samtals 47 þús. kr. Þá eru nokkrar hækkanir á þessari grein vegna leikfélaga, er ekki hafa áður notið styrks, og til landssambanda kóra og lúðrasveita, einn nýr tónlistarskóli og einn nýr námsstyrkur. Auk þess er nýr liður, undirliður b við LXXII, vegna endurbóta á Þingvallabæ, 150 þús. kr.

Um 15. gr.

X. liðurinn hækki um 200 þús. kr. XII. liðurinn hækki um 25 þús. kr.

Um 16. gr. A.

Nokkrir liðir um fyrirhleðslur hækka um samtals 260 þús. kr. Er hér um algert lágmark að ræða að dómi vegamálastjóra, svo að unnt sé að forða frekara tjóni. 23. liður b hækki um 320 þús. kr. Vegna síaukinna verkefna sandgræðslunnar er þessi hækkin talin óhjákvæmileg. Sauðfjársjúkdómavarnir, b-liður, hækki um 240 þús. kr. 44. a, bændaskólinn á Hólum, við bætist nýr liður: til lagfæringa og endurbóta, 1,5 millj. kr. Liðurinn 45. a. 4, viðhaldskostnaður, hækki um 41 þús. kr. Við 45. d bætist nýr liður: til hitaveitu, 25 þús. kr. Liðurinn 45. f. 4, viðhaldskostnaður, hækki um 75 þús. kr. Liður 45. j, til byggingar skóla, hækki um 200 þús. kr.

Um 16. gr. B.

Liður 5, til haf- og fiskirannsóknna, hækki um 250 þús. kr. 8. liður, til að leita nýrra fiskimiða, hækki um 1 millj. kr. Við bætist nýr liður: vegna aukavinnu matsmanna 90 þús. kr.

Um 16. gr. C.

7. liður, til byggingar iðnskóla í Reykjavík, hækki um 550 þús. kr.

Um 16. gr. E.

Liðurinn I. 2 hækki um 29920 kr. vegna leiðréttingar. Liðurinn 3. b hækki um 150 þús. kr., sem talið er óhjákvæmilegt vegna aukningar starfseminnar. IV. liður 1, til Verzlunarskóla Íslands, hækki um 355 þús. kr.

Um 17. gr.

Við bætist í lið I framlag til vatnsöflunar í Kelduhverfi og að Hellnum, samtals 125 þús. kr., en í V styrkir til nokkurra barnaheimila, elliheimilisins í Skjaldarvík og Sjálfsbjargar á Akureyri, samtals 135 þús. kr. Þá er nýr liður á þessari grein: til almannavarna, 1 millj. kr.

Um 20. gr.

IX. liður, til flugvallagerðar og flugöryggistækja, hækki um 2 millj. kr. XII. liður 2, til byggingar menntaskóla í Reykjavík, hækki um 1 millj. kr. XII. liður 7, garðyrkjuskólinn á Reykjum, hækki um 150 þús. kr. 9. liðurinn hverfi, sbr. 14. gr., en í stað hans kemur í greinina nýr liður: til byggingar bústjórahúss, 100 þús. kr. XXIV. liður, embættisbústaðir dýralækna, hækki um 158 þús. kr. Við

bætast tveir nýir liðir: tilraunastöðin að Reykhólum (kaup á húsi), 200 þús. kr., og Vestdalseyri, 500 þús. kr. vegna kaupa á eigninni.

#### Um 22. gr.

Við bætist:

1. Ríkisstj. er heimilt að taka að láni allt að 4 millj. kr. til byggingar eldisstöðvar fyrir lax og silung í Kollafirði.
2. Ríkisstj. er heimilt að selja Sigurði Kristjánssyni sóknarpresti á Ísafirði prestseturshúsið við Pólgötu á Ísafirði.
3. Ríkisstj., er heimilt að verja 100 þús. kr. til byggingar kláfferju yfir Tungnaá hjá Haldi.
4. Ríkisstj. er heimilt að veita Dráttarbraut Akraness ríkisábyrgð fyrir láni allt að 3.5 millj. kr. (Endurveiting).
5. Heimild til að gefa eftir aðflutningsgjöld af bifreið kirkjubyggingarsjóðs Kópavogskirkju.
6. Ríkisstj. skal heimilt að ábyrgjast lán að upphæð 1 millj. kr. vegna rannsóknarstofu háskólans við Barónsstíg.
7. Ríkisstj. skal heimilt að ábyrgjast lán að upphæð 500 þús. kr. fyrir Barðstrendingafélagið í Reykjavík (vegna gistihússbyggingar).

#### Um tekjuhlið frv.

Meiri hlutinn leggur til, að þessar breytingar séu gerðar með hliðsjón af reynslu ársins í ár og þeim breytingum, sem tollalækkun sú, er nýlega var samþykkt á Alþingi, virðist munu hafa á tekjur ríkissjóðs: Verðtollur hækki um 38.6 millj. kr. Gjald af innlendum tollvörum hækki um 2.3 millj. kr. Söluskattur að frádregnu framlagi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki um 35.4 millj. kr. Innflutningsgjald lækki um 50 millj. kr. (vegna tollabreytinganna).

Samkvæmt þessu verður nettóhækkun tekjuáætlunar frv. 26.3 millj. kr., en gjaldahækkunir samkv. tillögum nefndarinnar nema samtals 26262991 kr.

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni auk endurskoðunar 18. gr., sem að venju bíður 3. umr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Alþingi, 10. des. 1961.

Kjartan J. Jóhannsson,	Hjörtur Hjálmarsson,	Guðl. Gíslason.
form., frsm.	fundaskr.	
Jón Árnason.	Gunnar Gíslason.	